

15. nóvember 2021

Samantekt á stöðu biðlista eftir völdum skurðaðgerðum að hausti 2021

Viðmið embættis landlæknis um ásættanlegan biðtíma kveður á um að 80% sjúklinga komist í aðgerð innan 90 daga. Taflan að neðan sýnir hlutfall þeirra sem voru á biðlista eftir aðgerð þann 1. september 2021* og höfðu beðið lengur en í þrjá mánuði. Rauð merking gefur til kynna að viðmið embættisins hafi ekki verið uppfyllt en græn merking gefur til kynna að viðmiðið hafi verið uppfyllt. Örvarnar gefa til kynna hvor hlutfallið hafi hækkað eða lækkað frá síðustu innköllun í janúar 2021.

Athuga skal að þessar tölur eiga við biðtíma þeirra sem skráðir eru á biðlista þegar innköllun á sér stað. Tölurnar sýna því ekki raunverulega bið þeirra sem lokið hafa aðgerð.

Skurðaðgerð	% beðið > 3 mánuði
Skurðaðgerðir á augasteinum	66% ↑
Aðgerðir á hjartalokum	50% ↑
Kransæðaaðgerðir	0%
Hjarta- og/eða kransæðamyndataka, kransæðavíkkarir (PTCA) meðtaldar	9% ↓
Brennsluaðgerðir á hjarta	91% ↑
Úrnám hluta brjósts	4% ↓
Brjóstnám	54% ↑
Aðgerðir til brjóstaminnkunar	74% ↓
Endurgerð brjósts (brjóstauppygging)	81% ↑
Aðgerðir v/vélindabakflæðis og þindarslits	92% ↑
Skurðaðgerðir á maga vegna offitu	83% ↑
Gallsteinaaðgerðir eða steinbrjóstmeðferð	63% ↑
Valdar aðgerðir á grindarholslíffærum kvenna	72% ↑
Brottnám legs	63% ↑
Aðgerðir á blöðruhálskirtli	18% ↑
Brottnám hvekks um þvagrás (TURP)	65% ↑
Gerviliðaaðgerðir á mjöðm	73% ↑
Gerviliðaaðgerðir á hné	81% ↑

Ljóst er að of margir bíða umfram viðmið embættisins um ásættanlegan biðtíma í flestum aðgerðarflokkum og hlutfall þeirra sem beðið hafa lengur en þrjá mánuði hefur heilt yfir hækkað.

Skýringar frá stofnunum

Kallað var eftir skýringum frá Landspítala varðandi aukningu á biðlista eftir augasteinsaðgerðum og hið aukna hlutfall einstaklinga sem beðið hafa eftir aðgerð lengur en þrjá mánuði. Skýringar á lengri biðlista nú voru sambærilegar og greint var frá í [greinargerð vegna síðustu innköllunar í janúar 2021](#) (bls. 6). Þar að auki kom fram að augndeildin hafi óskað eftir viðbótarfjármagni frá heilbrigðisráðuneytinu til þess að framkvæma augasteinsaðgerðir umfram þær 1300 sem lagt var upp með að framkvæma á árinu. Þá hafi samningur LaserSjónar við Sjúkratryggingar Íslands runnið út á árinu sem varð til þess að beiðnum fjölgaði á Landspítala. Nýr þjónustuaðili hóf störf í október byrjun og virðist sem það komi til með að fækka beiðnum til Landspítala á ný.

Embættið kallaði einnig eftir skýringum frá Sjúkrahúsinu á Akureyri varðandi sveiflur á hlutfalli einstaklinga sem beðið höfðu eftir augasteinsaðgerð lengur en þrjá mánuði. Samkvæmt innsendum tölum í þessari innköllun höfðu allir sem skráðir voru á biðlista beðið lengur en þrjá mánuði og raunar meirihluti beðið lengur en ár. Þessu var öfugt farið í upphafi þessa árs en þá var hlutfallið 0%. Í innkölluninni þar á undan (september 2021) var það aftur svo að allir á biðlista höfðu beðið lengur en þrjá mánuði. Embættið bíður eftir skýringum frá Sjúkrahúsinu á Akureyri og verður samantekt þessi uppfærð þegar þær liggja fyrir.

Um innsend gögn

Ítarlegar tölulegar upplýsingar um stöðu á biðlistum má sjá í töflu á [vef embættisins](#) (undir *Tölur um biðlista*).

Gögn önnur en þau er varða liðskiptaaðgerðir hafa ekki borist frá Klíníkinni, Ármúla. Þá skortir einnig gögn um biðlista LaserSjónar en hann var um það leiti sem innköllun fór fram fluttur frá LaserSjón til Lentis ehf. Embættið hefur kallað eftir þessum gögnum og bíður svara.

*Gögn frá Sjúkrahúsinu á Akureyri miða við stöðuna í október byrjun, utan biðlista eftir gerviliðaaðgerðum en staðan á þeim var tekin í september byrjun.

Hildigunnur Anna Hall, verkefnisstjóri á heilbrigðisupplýsingasviði

Hrefna Þengilsdóttir, yfirlæknir á sviði eftirlits og gæða heilbrigðisþjónustu

Ólöf Elsa Björnsdóttir, verkefnisstjóri á sviði eftirlits og gæða heilbrigðisþjónustu

Sigríður Haraldsd. Elínardóttir, sviðsstjóri heilbrigðisupplýsingasviðs